



286. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, þriðjudaginn 17. mars 2020 kl. 12:00. Hluti stjórnar var í Laugardalnum en hluti stjórnar tengdist fundinum í gegnum Microsoft Teams.

Mættir í Laugardal: Lárus L. Blöndal forseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Dominiqua Alma Belányi, Garðar Svansson, Lilja Sigurðardóttir, Olga Bjarnadóttir, Þráinn Hafsteinsson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí.

Mætt á Teams: Sigríður Jónsdóttir 1. varaforseti, Ingi Þór Ágústsson, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Þórey Edda Elísdóttir, Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll: Ása Ólafsdóttir.

Aðeins eitt mál var á dagskrá fundarins:

1. Íþróttahreyfingin og COVID-19

Forseti og framkvæmdastjóri fóru yfir stöðu mála í íþróttahreyfingunni vegna COVID-19 veirunnar. Þann 13. mars voru útgefnar tvær auglýsingar frá heilbrigðisráðherra, annars vegar um takmarkanir varðandi samkomur og hins vegar um takmarkanir á skólastarfi.

Vegna óvissu um útfærslur á skólastarfi þá bárust ÍSí tilmæli frá sóttvarnalækni, fulltrúa almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra og landlækni um að fresta öllu íþróttastarfi í eina viku, á meðan unnið væri að útfærslum á takmörkunum á skólastarfinu.

Í kjölfar þeirra tilmæla var send út tilkynning til íþróttahreyfingarinnar allrar síðdegis föstudaginn 13. mars sl. þar sem öllu íþróttastarfi var frestað til mánudagsins 23. mars nk.

Ekki er enn ljóst hvernig verður með framhaldið en búist er við frekari tilmælum frá yfirvöldum um helgina.

Almennar umræður urðu um stöðu mála og möguleg næstu skref. Engin leið er að sjá fyrir hvernig mál þróast næstu vikurnar en líklegt má þó teljast að gripið verði til enn harðari aðgerða um samskipti og samkomur þegar fram líða stundir.

Engar fregnir hafa enn borist frá IOC varðandi Ólympíuleikana í Tókýó en líkur aukast með hverjum deginum að fresta þurfi leikunum.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari